

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlíðarendi - Breyting á deiliskipulagi - Reitur A - Arnarhlíð 3 - USK23060353.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 3. júní 2025, breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 3 við Arnarhlíð. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum, fella niður göng undir Flugvallarveg, auka byggingarmagn á jarðhæð, auka hlutfall 5. hæðar af stærð 4. hæðar, koma fylgilóðum vegna djúpgáma fyrir í borgargötum, breyta lóðastærð, mörk skipulagssvæðis færast að lóðamörkum, útbyggingar eru ávarpaðar og leikskólahugmyndir á lóð eru felldar niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ellíðaárdalur - Rafstöðvarvegur 4 - Toppstöðin – USK25030204.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 26. júní 2025, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ellíðaárdals vegna lóðar nr. 4 við Rafstöðvarveg, Toppstöðin. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð umhverfis Toppstöðina og gert ráð fyrir að byggingin standi áfram í stað þess að vera víkjandi, kvöð er sett á lóðina að tengistígur liggi í gegnum hana meðfram Ellíðaá og skilgreindur er byggingarreitur (D1) umhverfis núverandi byggingu og innan hans er heimilt að viðhalda eða endurbyggja núverandi byggingu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarlækur - Stekkjarmóar - Djúpidalur - Grafarlækur 2-4 - USK24050161.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. maí 2025, breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Grafarlæk. Í breytingunni felst að koma fyrir byggingarreit fyrir vélageymslu Golfklúbbs Reykjavíkur og steipt hólfi eða gryfju fyrir efnislager. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugardalur - Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn - USK25060297.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 26. júní 2025, breytingu á deiliskipulagi Laugardals vegna lóðar R í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur á lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ártúnshöfði svæði 1 - Reitur 9A, 9B og 9C - USK25050440.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 17. júlí 2025, breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða, svæðis 1, vegna reita 9A, 9B og 9C. Í breytingunni felst í megin atriðum sameining reitanna/lóðanna þriggja í eina lóð ásamt tilfærslum á notkunarflokkum á milli lóða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rimahverfi - Svæði H - Viðarrimi 25 - USK25030173.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 17. júlí 2025, breytingu á skilmálum deiliskipulags Rimahverfis - Svæðis H, vegna lóðar nr. 19-25 við Viðarrima og varðar hús nr. 25. Í breytingunni felst að hámarksdýpt útbyggingar frá útvegg er aukið úr 3 m í 3,6 m. Heimil lengd hennar verður 70% af húsvegg en ekki 1/3 af húsvegg. Þá þarf útbygging ekki að vera létt/glerskáli heldur getur hún verið viðbygging við keðjuhúsið. Hæð hennar má vera þannig að hægt sé að uppfylla lágmarkskröfur um lofthæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. júlí 2025.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 7. ágúst 2025